

## Fundargerð

16. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2020-2022, þriðjudaginn 28. september 2021, í fundarsal E, Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, ~~Fjóla Signý Hannesdóttir~~, Gunnar Svavarson, Eiríkur Mörk Valsson, ~~Björg Ágústsdóttir~~, ~~Björgvin Víkingsson~~, ~~Kristín Birna Ólafsdóttir Johnson~~, Íris Berg Bryde verkefnastjóri, Marta María B. Siljudóttir verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð – Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð frá fundi 15. samþykkt. Engin rafræn erindi á milli funda.

### 2. Heiðursviðurkenning.

Stjórn FRÍ ákvað sbr. reglur um heiðursviðurkenningar að veita Líneyju Rut Halldórsdóttur framkvæmdastjóra ÍSí gullmerki FRÍ fyrir aðkomu að málefnum frjálsíþróttá á sl. áratugum. Líney lætur að störfum sem framkvæmdastjóri ÍSí um næstu mánaðarmót. Líney var sæmd gullmerkinu og þakkaði fyrir sig jafnt sem allt gott samstarf við frjálsíþróttahreyfinguna.

### 3. Uppskeruhátíðin 2021

Verkefnastjórar gera grein fyrir hugmyndum að uppskeruhátíð 27.11 nk. Stjórn FRÍ tekur undir hugmyndirnar og veitir verkefnastjórum jákvæða hvatningu og stuðning til góðra verka.

### 4. Mótaröð FRÍ

Starfsmenn FRÍ gera grein fyrir hugmyndum að mótaröð FRÍ. Umræður. Stjórn FRÍ tekur undir hugmyndavinnuna og telur ekkert í vegi fyrir því að þróa verkefnið áfram sem gæti þá orðið að veruleika sumarið 2022.

### 5. Reglugerðarbreyting – Tillaga langhlaupanefndar

Langhlaupanefnd er með tillögur að breytingum. Í samræmi við starfsreglur um reglugerðarbreytingar á vegum stjórnar, telur stjórn breytinguna vera óverulega og samþykkir breytinguna með þeim fyrirvara að uppsetning reglubreytingar og kynning sé gert á skilmerkilegan hátt.

### 6. Þjóðarleikvangur

Starfshópur um þjóðarleikvangur fyrir frjálsíþróttir skilaði skýrslu sinni til mennta- og menningarmálaráðuneytis 22.9 sl. Hópurinn komst að þeirri niðurstöðu að ef þjóðarleikvangur í knattspyrnu verður áfram á Laugardalsvelli þá sé framtíð frjálsíþróttastarfs best borgið á nýjum leikvangi fyrir norðan Suðurlandsbraut, austan frjálsíþróttahallar við Engjaveg. Mannvirki sem myndi tengjast núverandi frjálsíþróttahöll, öðrum íþróttamannvirkjum sem og öðrum opnum svæðum í Laugardal. Starfshópurinn sér fram á að mannvirkið verði vel nýtt fyrir alþjóðlegt keppnishald og stærri mót á vegum Frjálsíþróttasambands Íslands og Íþróttasambands fatlaðra, æfingar afreksmanna, æfingar barna-, unglinga og annarra í hverfisfélögum í Reykjavík en einnig sem möguleg aðstaða fyrir afreksíþróttamiðstöð í Laugardalnum, auk rannsókna, þjálfunar og kennslu í skólum.

## **7. Aðstaða til frjálsíþróttaiðkunar í sveitarfélögum**

Framkvæmdastjóra FRÍ falið að senda sveitarfélögum sem hafa sérstaka frjálsíþróttaaðstöðu eða þar sem aðildarfélög FRÍ eru starfandi erindi þar sem sveitarfélögunum er þakkaður stuðningur og velvilji í garð íþróttta, en um leið sendi FRÍ hvatningu til handa sveitarfélögunum er varðar áframhaldandi uppbyggingu og viðhaldi á íþróttamannvirkjum og minni á mikilvægi þess. Að í fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2022 og rammafjárhagsáætlun næstu ára, verði gert ráð fyrir að fyrirbyggjandi keppnis- og æfingaaðstæður fyrir frjálsíþróttir verði alltaf fullnægjandi. Jafnt sem hugað sé að nýframkvæmdum í fjármálaáætlun næstu ára s.s. með undirbúningi, áætlunargerð, skipulagsgerð og annarri fjárfestingar- og þróunarvinnu.

## **8. Ársþing FRÍ 2022**

Ákveðið hefur verið að leita samvinnu við heimamenn á Selfossi, HSK og sveitarfélaginu Árborg þ.a. ársþing FRÍ 2022 geti farið fram á Selfossi 25.3.22-26.3.22. Jákvæð skilaboð hafa borist úr heimabyggð að svo geti orðið.

## **9. Formannafundur og „Millipinganefnd“**

Rætt um útfærslu og að tvinna saman laugardaginn 27.11.21. Hafa viðburðinn opinn og einnig rafrænan.

## **10. Önnur mál**

a. Ársþing ÍSÍ 8.-9.10. Framhaldsþing, sömu þingfulltrúar og sl. vor. Freyr, Guðlaug og Gunnar. Guðlaug kemst ekki og mun Aðalbjörg fylla skarð hennar á laugardeginum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:05 með því að fundarmenn fóru yfir atkvæðatalningar liðinnar helgar.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.